

Verði evrunni ekki bjargað nema leið Montis sé farin er hún dauðadæmd.

Eftir Björn Bjarnason

Á hvaða leið er samstarfið innan ESB þegar víðlesíð ítalskt blað birtir forsíðumynd af Angelu Merkel Þýskalandskanslara með hægri lófann framan í lesendur og flennifyrirsögnina: Quatro Reich – Fjórða ríkið? Hér gildir hið sama og endranær: þegar andstæðingi er líkt við Adolf Hitler brestur grundvöllur málefnalegra umræðna. Hvernig er unnt að búast við því að skynsamleg leið finnist úr evru-kreppunni þegar stærstu evru-þjóðirnar ræðast við á þennan hátt?

Ekki var nóg með að ítalskt blað gerði slíka atlögu að kanslara Þýskalands um helgina. Mario Monti, forsætisráðherra Ítalíu, sem tilnefndur var af Merkel og ESB til að leiða ítölsku ríkisstjórnina í nóvember 2011 flutti þann boðskap í Der Spiegel mánudaginn 6. ágúst að Þjóðverjum væri fyrir bestu að þrengja að þjóðþinginu og auka svigrúm framkvæmdavaldsins til ákvarðana án afskipta þingmanna. Það mundi endanlega sprengja evru- og ESB-samstarfið ef ekki tækist að draga úr lýðræðislegum stjórnarháttum innan ESB.

Meginrök þýskra stjórnámálamanna fyrir virkri þátttöku Þýskalands í ESB-samstarfinu hafa snúist um gildi lýðræðislegra stjórnarháttanna andspænis hroðalegri reynslu frá Hitlers-tímanum. Nú segir teknókrati í embætti ítalsks forsætisráðherra við Þjóðverja: „Samþykki ríkisstjórnir að lúta í einu og öllu ákvörðunum þjóðþinga sinna án þess að verja eigið svigrúm til aðgerða aukast frekar líkur á að Evrópa sundrist en að hún renni meira saman.“ Ríkisstjórnir yrðu að sjálfsgöðu að átta sig á stöðu sinni miðað ákvarðanir þingmanna. „Hitt er hins vegar skylda hverrar ríkisstjórnar að uppfæra þingin,“ sagði Monti.

Þessi orð ítalska forsætisráðherrans eru til marks um hve fjarlæg ESB-elítan er orðin hefðbundnu stjórnámálalífi og hve eðlilegt hún telur að þeir einir ráði sem vilja „meiri Evrópu“ til að bjarga evrunni án tillits til lýðræðislegs umboðs og lögmætis. Mario Monti sat um skeið í framkvæmdastjórn ESB og var einmitt valinn til að koma í stað Silvios Berlusconi í ríkisstjórn Ítalíu af því að hann hefði hinn „réttu skilning“ á hagsmunum ESB. Hann boðar með öðrum orðum rétttrúnað ESB-elítunnar og sannar enn að hún er á skjön við heilbrigða skynsemi eins og rétttrúnaður almennt.

Þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu í Þýskalandi bregðast harkalega við orðum ítalska forsætisráðherrans. Kristilegir sósíalistar (CSU) í Bæjaralandi kveða fastast að orði. Alexander Dobrindt, framkvæmdastjóri CSU, sagði: „Ásóknin í fé þýskra skattgreiðenda blómstrar á ólýðræðislegan hátt fyrir tilstilli Montis. Hann þarf greinilega að heyra það skýrt og afdráttarlaust að við Þjóðverjar ætlum okkur ekki að afnema lýðræðið til að fjármagna skuldir Ítala.“

Kristilegir sósíalistar hafa farið með stjórn mála Bæjaralands svo lengi sem elstu menn muna en óttast nú að tapa í kosningum til þings Bæjaralands á næsta ári. Þeir telja sig höfða best til kjósenda með harðri vörn fyrir þýska skattgreiðendur gegn ásælni evru-óreiðubjóða. Þeir óttast að annars vaxi fylgi flokka sem vilja evruna einfaldlega feiga í núverandi mynd.

Sjónarmið CSU í Bæjaralandi á meiri hljómgrunn meðal þýskra kjósenda en rétthugsunin sem Monti boðar í nafni ESB-elftunnar. Verði evrunni ekki bjargað nema leið Montis sé farin er hún dauðadæmd.